




Minnisblað - 16. janúar 2017


Efni: Kvistavellir 66-72, fyrirspurn um deiliskipulagsbreytingu, 1612433

Þann 30.12.2016 leggur Eyvindur Guðmundsson inn fyrirspurn til skipulagfulltrúa vegna deiliskipulagsbreytinga við Kvistavelli 66-72.

Óskað er eftir því að breyta skilmálum fyrir lóðirnar. Lækka úr 2 hæða í 1. Minnka endalóðir nr. 66 og 72 og stækka þess í stað 68 og 70, ásamt því að stækka grunnflöt byggingarreita um 50 m² per lóð. Á uppdrætti, teiknaður af Batteríð arkitektar dags. 29.12.2016, er fylgir fyrirspurninni má sjá fyrirhugaðar deiliskipulagsbreytingar.



Hluti af gildandi deiliskipulagi.



Eftir mögulega breytingu á deiliskipulagi.

Breytingartillaga, Kvistavellir 66-72.

Sk. gildandi deiliskipulagsskilmálum er gert ráð fyrir að tveggja hæða raðhús séu einkennandi fyrir þennan reit og myndi heild innan skipulagssvæðis Valla 5. Þar sem fyrirhuguð hús við kvistavelli 66-72 standa er á mörkum reitarins má færa rök fyrir því að með lækkun þeirra kallast þau á við byggðina hinum megin Kvistavalla, er einkennist af einlyftum rað- og einbýlishúsum.



HAFNARFJÖRÐUR

Fordæmi eru fyrir samsvarandi deiliskipulagsbreytingum við Kvistavelli 10-16 þar sem húsin voru lækkuð um eina hæð og byggingarreitur stækkaður. Var samþykkt að fara í deiliskipulagsbreytingar á þeim lóðum sk. 2. mgr. 43. gr skipulagslaga 123/2010.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt



Umhverfi Kvistavalla 66-72